

Þriðjudaginn 23. júní 1959.

Nr. 100/1959. Aðalsteinn Jónsson

gegn

Árna Sigurjónssyni

og

Jóni Einarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun héraðsdóms staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. f. m., er barst Hæstarétti 8. þ. m. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að ákvæði héraðsdóms um frávisun varakröfu hans verði felld úr gildi og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað í héraði og svo kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hinna kærðu dóms-ákvæða og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta héraðsdóminn að því leyti, sem hann hefur verið kærður.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 1.000,00.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að því leyti, sem hann hefur verið kærður.

Sóknaraðili, Aðalsteinn Jónsson, greiði varnaraðiljum, Árna Sigurjónssyni og Jóni Einarssyni, kærumálskostnað, kr. 1.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 22. maí 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar með stefnu, út gefinni 22. maí 1958, af Aðalsteini Jónssyni trésmið, Sauðanesi, Þingeyjarsýslu, gegn Árna

Sigurjónssyni, Linnetsstíg 2, og Jóni Einarssyni, Austurgötu 33, báðum í Hafnarfirði, in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 16.934,85, auk 6% ársvaxta frá 1. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning máls þessa gerði umboðsmaður stefnanda þá varakröfu, að stefndu yrðu f. h. Fæðiskaupendafélags Hafnarfjarðar gert að greiða þessar sömu stefnukröfur.

Stefndu hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdan hæfilegan málskostnað að mati dómarsins.

Hvað varakröfu stefnanda snertir, krafðist umboðsmaður stefndu þess, að hún yrði ekki tekin til greina, þar eð hún væri of seint fram komin og hér væri gerð krafa á hendur nýjum aðilja, sem ekki væri löglega stefnt og hefði því ekki gefizt færi á að gæta réttar síns.

Mál þetta var þingfest 27. maí 1958. Með úrskurði, upp kveðnum 13. janúar sl., vék hinn reglulegi dómari, Björn Sveinbjörns-son, settur bæjarfógeti, sæti í máli þessu. Var Elías Elíasson fulltrúi skipaður setudómari í máli þessu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 14. f. m. Hefur hann síðan farið með málið og kveður upp dóm þenna.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Í júnímánuði árið 1950 var stofnað í Hafnarfirði samvinnufélagið Fæðiskaupendur Hafnarfjarðar og því settar samþykktir. Samkvæmt þeim skyldi tilgangur félagsins einkum vera sá að afla félagsmönnum góðs og heilnæms fæðis við eins lágu verði og kostur er. Í þessu skyni var komið upp mótuneyti á Strandgötu 41 í Hafnarfirði, og er það enn starfrækt í marzmánuði f. á. Ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins er takmörkuð við stofnsjóðsinnstæðu, sbr. 3. gr. samþykkta félagsins. Stefnandi máls þessa og annar stefndu, Árni Sigurjónsson, eru báðir meðal stofnenda félags þessa og stefnandi jafnframt kosinn í fyrstu varastjórn þess og endurkosinn í varastjórn á aðalfundunum 1951 og 1952, en síðan hafa aðalfundir ekki verið haldnir. Árni Sigurjónsson hlaut kosningu í síðustu stjórn félagsins, þ. e. á aðalfundi í maí 1952, og Jón Einarsson, sem er annar stefndu, var þá kosinn varaendurskoðandi. Félagið hefur aldrei verið skrásett, og því hefur ekki verið formlega slitið. Félaginu hefur verið gert að greiða söluskatt, sbr. dskj. nr. 7. Á fundi í félaginu 26. nóv. 1951 bauðst maður að nafni Jóngeir D. Eyrbekk til þess að taka að sér rekstur mótuneytisins á sinn

reikning. Því var ekki sinnt, en samþykkt á fundinum, að félagið héldi áfram starfsemi sinni.

Frá því í júní 1957 til marz 1958 incl. hefur mötuneytið tekið út vörur hjá Kjötbúð Vesturbæjar í Hafnarfirði fyrir samtals kr. 24.267,00, og af þeirri upphæð er það nú talið skulda kr. 16.934.85, en það er sú skuld, sem mál þetta er risið út af. Kröfu þessa hefur stefnandi eignast. Á þeim tíma, sem til umræddrar vöruúttektar er stofnað, eru 20 menn taldir í fæði hjá mötuneytinu, þó misjafnlega lengi hver, og meðal þeirra voru aðiljar máls þessa.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndu reki fyrrgreinda matstofu á Strandgötu 41 og þeir hafi tekið út umræddar vörur hjá Kjötbúð Vesturbæjar vegna matstofunnar, og beri þeim því að greiða sér kröfuna, sem hann hafi fengið framselda.

Sýknukröfu sína reisa stefndu á því, að þeir séu ekki réttir varnaraðiljar í máli þessu. Þeir reki hvorki né hafi rekið matsölu á Strandgötu 41. Ekki hafi þeir tekið út vörur þær, sem hér sé krafð um greiðslu á, og ekki hafi þeir tekið á sig sérstaka ábyrgð á greiðslu varanna eða á annan hátt skapað sér greiðsluábyrgð, og ekki hafi þeir átt upptökin að því, að til nefndrar vöruúttektar var stofnað.

Skulu nú raktir framburðir aðiljanna að því leyti, sem máli virðist geta skipt hér.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi samið við stefndu um, að matstofan tæki út vörur hjá áðurnefndri verzlun, en sjálfur hafi hann átt inni hjá verzluninni. Hafi matstofan eða stefndu skuldbundið sig til að sjá um greiðslu á úttektinni til stefnanda, og hafi þetta verið munnlegt loforð stefndu. Enda þótt hann hafi kallað matsöluna fæðiskaupendafélag, kveðst hann hafa litið svo á, að tvö til þrjú síðustu árin hafi ekki verið um neitt félag að ræða, því að engir fundir hafi verið haldnir. Ekki segist hann vita, hvort félaginu hafi verið slitið, og ekki hafi hann heldur hugmynd um, hvort það hafi nokkurn tíma verið stofnað. Þó kannast hann við að hafa verið einn af stofnendum félagsins upphaflega og muni á sínum tíma hafa verið kosinn í stjórn á aðalfundi, eins og segir í skýrslu hans hér fyrir dómi. Enn fremur tekur hann fram, að hann hafi átt upptök að því, að til umræddra viðskipta var stofnað og á þann hátt, sem það var gert. Stefnandi kveðst hafa „litið á“ stefndu

sem forsvarsmenn matsölunnar. Ekki gerði hann sér þó grein fyrir, hvort þeir ættu matsöluna, en „taldi“, að þeir rækju hana á sína ábyrgð að miklu leyti. Honum er kunnugt, að upphaflega hafi verið um talað, að félagið ætti að vera samvinnufélag, en hann hafi ekki litið á það sem slíkt, því að það hafi ekki verið rekið sem samvinnufélag, því að a.m.k. seinni árin hafi engir fundir verið haldnir í því og engin stjórn kosin.

Stefndi Jón kannast við, að stefnandi hafi talað við sig um umrædd viðskipti, en hann hafi svarað því til, að hann skipti sér ekki af því, hvar fæðis kaupendafélagið hefði viðskipti. Hann kveðst hafa gengið í félagið árið 1952 og þá greitt inntökgjald. Sér hafi verið sagt, að þetta væri samvinnufélag, og hann hefði því talið, að svo væri. Síðan síðasta stjórn hafi verið kosin 1952, hafi aldrei verið haldnir aðalfundir, enda hafi hún ekki kallað til aðalfundar til að skila af sér. Þegar stefndi Jón kom í félagið, var maður að nafni Jón Guðmundsson gjaldkeri þess. Jón Einarsson segist hafa aðstoðað hann nokkuð við innköllun á fæðispeningum hjá félögunum, og meðan gjaldkerinn fór í sumarleyfi, kveðst hann einnig hafa tekið að sér að sjá um greiðslur á gjöldum og reikningum, en eftir að Jón Guðmundsson kom úr leyfinu, hafi hann ekki aftur viljað taka við gjaldkerastarfinu, og hafi hann því gegnt því áfram. Þegar hann tók við starfi þessu, kveðst hann hafa látið þess getið við félagsmenn, að hann kynni ekki að færa bókhald, enda kveðst hann ekki geta sýnt bókhald yfir tekjur og gjöld félagsins, meðan hann starfaði fyrir það. Stefndi Jón kveðst hafa meðlimaskrá félagsins undir höndum.

Stefndi Árni kveðst ekki minnst þess, að stefnandi hafi neitt rætt við sig um oftnefnda vöruúttekt, áður en hún hófst, en síðar hafi hann frétt þetta „við borðið“. Enn fremur segir hann, að hann hafi átt tal um þessa úttekt við stúlkurnar í eldhúsinu, því að hann hafi verið óánægður með vöruna, en þær hafi svarað því til, að stefnandi hafi lagt áherzlu á að taka sem mest þarna út, og hann því látið það afskiptalaust, því að stefnandi hafi þá verið stjórnarmeðlimur og einnig skuldugur félaginu; gæti hann því ráðið þessu eins og hinir. Hann kveður starfsstúlkur félagsins hafa ráðið mestu um það, hvar verzlað var. Stefndi Árni segist sem stjórnarmeðlimur hafa ráðið stúlkur til starfa hjá félaginu og lítils háttar hafa aðstoðað Jón Einarsson við innheimtu á fæðispeningum. Aðrir hafi ekki skipt sér af þessu upp á síðkastið nema sem félagar, ef þeim fannst eitthvað

að. Félagið hafi verið hálf-stjórnlaust um þetta leyti, en það hafi verið stofnað sem félag og ætíð starfað sem slíkt, enda hafi hann ekki annað vitað en það hafi verið löglega skráð sem samvinnufélag. Hann kveðst árangurslaust hafa reynt að ná saman fundi síðustu stjórnar.

Báðir stefndu töldu sig starfa fyrir félagið. Ekki kveðast þeir hafa fengið greidda sérstaka þóknun fyrir störf sín í þágu félagsins. Félagsmenn voru allir taldir, sem voru í fastafæði hjá matstofunni. Stefndu vita ekki til þess, að nokkur maður hafi sagt sig úr félaginu.

Mun nú fyrst vikið að varakröfunni. Eins og áður segir, kom umboðsmaður stefnanda fram með þá varakröfu, er málið var munnlega flutt, að stefndu yrðu f. h. Fæðiskaupendafélags Hafnarfjarðar dæmdir til þess að greiða stefnukröfurnar. Umboðsmaður stefndu mótmælti varakröfunni sem of seint fram kominni og ódómhæfri og krafðist þess, að henni yrði vísað frá, hér væri gerð krafa á hendur nýjum aðilja, þ. e. félaginu, sem ekki hefði verið löglega stefnt og hefði því ekki gefizt færi á að gæta réttar síns.

Með varakröfu sinni beinir stefnandi málinu að nýjum aðilja, án þess að honum sé löglega stefnt og gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna. Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa varakröfunni á bug.

Umboðsmenn aðiljanna lýstu yfir því við munnlegan flutning málsins, að þeir teldu Fæðiskaupendafélag Hafnarfjarðar hafa verið löglega stofnað sem samvinnufélag, þótt smærri ágallar væru á samþykktum þess og þá einkum það, að þar skorti ákvæði um félagsslit. Umboðsmaður stefnanda hélt því hins vegar fram, að matstofan hefði verið starfrækt af öðrum aðiljum en félaginu síðustu fimm árin, þ. e. af stefndu, en því hefur umboðsmaður stefndu ávallt staðfastlega mótmælt.

Félag þetta er stofnað sem samvinnufélag og virðist hafa verið haldið í horfinu fyrstu tvö árin eða svo, þótt ekki sé félagið skrásett. Svo er að sjá sem mikið los hafi síðan komizt á félagsskapinn, og virðist þá vanta mikið á, að hann fullnægi þeim skilyrðum, sem lög setja um samvinnufélög. Rekstur matstofunnar sýnist fljótlega hafa tekið að mæða á þeim stefndu.

Framburður stefnanda um félagið og starfrækslu matstofunnar er talsvert á reiki.

Þegar litið er til þess, að stefnandi máls þessa er einn af stofnendum þessa félagsskapar og í varastjórn hans, meðan hún

var kosin, og alltaf annað kastið í fæði hjá umræddri matstofu og hefur því ætíð átt auðvelt með að fylgjast með starfrækslunni, mátti honum vera sérstaklega ljóst, að stefndu ábyrgðust ekki persónulega skuldir félagsins, enda verður að telja, að ábyrgðarreglan í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1937 sé einungis sett til tryggingar grandlausum viðsemjendum slíkra félaga, sem þar er rætt um.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, verður ekki talið, að stefnanda hafi verið rétt að líta svo á, að stefndu væru fyrirvarsmenn margnefndrar matstofu eða bæru einir ábyrgð á rekstri hennar. Hafa því kröfur hans í málinu, sem eingöngu eru á þessu byggðar, ekki við rök að styðjast.

EKKI eru heldur efni til þess, eins og mál þetta liggur fyrir, að dæma stefndu til þess að greiða stefnukröfurnar að hluta.

Úrslit máls þessa verða því þau, að sýkna ber stefndu af kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessu þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu málskostnað, sem ákveðst kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Stefndu, Árni Sigurjónsson og Jón Einarsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Aðalsteins Jónssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu kr. 1.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
